

VIÐAUKI 3

Lágmarksgildi fyrir lýsingu í fjósum og mjólkurhúsum:

Mjólkurhús almennt:	200 lux
Mjólkurhús, tankur, vinnuborð:	400 lux
Mjaltabás (í júgurhæð):	400 lux
Básar (í júgurhæð, ef mjólkað er á bás):	400 lux
Fóðurgangur:	75 lux
Geldneytastíur:	75 lux
Kálfastíur:	100 lux
Næturljós:	ca 3 lux

VIÐAUKI 4

Hættulegar lofttegundir:

Magn eftirtalinna lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en sem hér segir:

CO₂: 3000 ppm

NH₃: 10 ppm

H₂S : 0,5 ppm

VIÐAUKI 5

Hávaði:

Hávaði skal að jafnaði ekki vera meiri en 65 dB(A)

27. nóvember 1997

Nr. 672

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

1. Bifreiðastöður við Aðalgötu frá Lækjargötu að Grundargötu verði tímabundnar í 20 mínútur.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar austan megin á Lindargötu frá Hólum (Lindargötu 11) suður að Skriðustíg.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hverfisgötu frá Skriðustíg í 15 metra til suðurs.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 27. nóvember 1997.

Guðgeir Eyjólfsson.